

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð 1 tbl. 24. árgangur 2019

Frá formanni

Kæru félagar í FÁT, gleðilegt nýtt ár og kærar þakkir fyrir gott samstarf á liðnu ári. Við erum að taka fram járnin á ný og hefjast handa eftir hátíðirnar. Vonandi hafið þið öll haft það gott um jól og áramót. Í haust hefur félagið haldið tvö opið hús. Í október hittumst við á Korpúlfsstöðum þar sem útskurðarfólk bauð okkur í heimsókn til sín. Gaman var að sjá bæði útskurðarverk þeirra og aðstöðu og færum við þeim bestu þakkir fyrir góðar móttökur. Annað opið hús var haldið í nóvember og hittust við þá í Árbæjarsafni. Gengum við með leiðsögn um nokkur hús safnsins og nutum fróðleiks og skoðunar fallegra muna.

Ég vil svo minna félagsmenn á aðalfundinn sem haldinn verður 16. febrúar næstkomandi í húsnaði Heimilisiðnaðarfélagsins við Nethyl 2E (sama stað og síðasti aðalfundur).

Dagsskráin er auglýst á baksíðu Brýnisins.

Vonast ég til að sjá sem flesta taka þátt í starfinu með okkur í vetur.

Kærar kveðjur,

Víðir Árnason, formaður FÁT

Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð
Pósthólf 130
202 Kópavogur

Opið hús listamanna að Korpúlfsstöðum 20. október 2018. Hagleiksmenn og útskurðarfólk héldu okkur opið hús að Korpúlfsstöðum í október síðastliðnum. Mikill fjöldi félagsmanna FÁT sýndi áhuga sinn með því að koma. Þarna var hvert meistarastykkið á fætur öðru þeim hagleiksmönnum til sóma. Verkstæðið er mjög vel búið tækjum og bæði skemmtilegt og áhugavert að fá að koma og sjá aðstöðu þeirra.

Vel útbúið verkstæði



Klukkan og verk í mótun



Fallegar lágmyndir, góð þrívídd



Fuglar, bílar, myndir ofl.



Falleg verk og góð aðstaða



Góð stemmning var á staðnum



Tilbúin verk og verk í vinnslu



Félagar boðnir velkomnir.



Aðstaða til fyrirmyndar



Kistill, blóm og fugl



Góð kaffaðstaða



Málin rædd



FÁT bauð félagsmönnum í Árbæjarsafnið 17. nóvember 2018. Veðrið lék ekki við félagsmenn þennan ágæta dag, rok, rigning og hroll kalt. En félagsmenn og gestir þeirra létu það ekki á sig fá og mættu galvaskir. Við fengum leiðsögn um safnið og skoðuðum m.a. Árbæjarkirkju og Árbæ. Leiðsögnin var í senn skemmtileg og fræðandi.

Leiðsögu-stúlkan sýnir okkur Aska



Félagar uppi á háalofti



Fagurlega skreyttur höfuðgafi



Kátir krakkar í Ábæjarsafninu



Útskurðarverk í Árbæjarkirkjunni.
eftir **Ríkarð Jónsson** *



Stúlka kembir ull með ullarakamb



* **Ríkarður Jónsson** (20. september 1888 - 17. janúar 1977)
var íslenskur myndhöggvari og tréskurðarlistamaður

Fræðsluhornið

Elri

Elri eða ölmur (fræðiheiti: *Alnus*) er ættkvísl blómplantna af birkiætt (*Betulaceae*). Í ættkvíslinni eru um 30 tegundir af trjám og runnum. Elri hefur aðallega útbreiðslu á norðurhveli en til eru elritegundir við Andesfjöll og í Suður-Asíu.

Nafnið elri eða ölmur er upprunnið úr forngermönsku *aliso* og *aluz*. Ættkvíslarheitið *Alnus* er gamalt latneskt heiti yfir elri. Bæði latínuheitið og germanska heitið koma úr frum-indóevrópsku rótinni *el-*, í merkingunni "rauður" eða "brúnn", sem er rótin fyrir orðin *elgur* og *álmur*.

Á Íslandi hefur Elri verið notað sem landgræðsluplanta á Íslandi. Það býr til næringarefnið nitur með hjálp rôtargerla við ræturnar.

Tegundir sem reyndar hafa verið á Íslandi eru m.a. :

- Gráelri (*Alnus incana*): Evrópsk tegund sem vex allt að norður-Noregi. Einstofna tré með breiða krónu.
- Blæelri (*Alnus incana* subsp. *tenuifolia*): Norður-amerísk undirtegund gráelris.
- Sitkaelri (*Alnus viridis* subsp. *sinuata*): Runnkennt og margstofna tré, ættað frá vesturströnd Ameríku.
- Svartelri/Rauðelri (*Alnus glutinosa*): Evrópsk tegund
- Ryðelri (*Alnus rubra*)^[4]: Norður-amerísk tegund. Stórvaxnasta elritegundin. Verður allt að 20-30 metra hátt tré.

Þessar tegundir þrífast vel á Íslandi og á rýru land. Þær þrífast samt best þar sem grunnvatn stendur hátt. Á mjög þurrum melum eiga þær oft erfitt fyrstu árin. Tréútskurðar fólkhafa verið að tálga og skera út í Elri og þykir hann með ágætum efnisviður.

Myndin er af Gráelri í Grasagarði Reykjavíkur

Heimildir eru frá vefsvæði Wikipedia

<https://is.wikipedia.org/wiki/Elri>



Handverks sýningar

Það er mikil gróska í Íslensku handverki allt árið um kring.

Á leit minni á veraldarvefnum þá rakst ég á skemmtilega vefsíðu sem mig langar að deila með ykkur. Vefsíðan er á <http://www.handverkoghonnun.is/en/shows>. Þarna er hægt að skoða sýningar handverksfólks.

Handverks sýninginn **Handverk og Hönnun** var haldin helgina 22. – 26 nóvember 2018 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Handverkssýning í Ráðhúsinu hefur verið haldin frá árinu 2006. Einstakt tækifæri að sjá margþætta listasköpun og fá að hitta listafólkið sjálft. Ég skrapp á sýningunna og fannst mikið til koma. Þarna var mikið úrval af flottu handverki vefnaður, leðurvörur, skartgripir, leirmunir og tréútskurður.

Meðal sýnenda var Sigurður Petersen. Alltaf skemmtilegt að virða fyrir sér handverk Sigurðar.



Sigurður Petersen



Annar tálgari fangaði athygli mína, það er Helgi Björnsson frá Hvammstanga. Persónulega þekki ég ekki til Helga Björnssonar en þarna er á ferðinni góður handverksmaður og tálgari. Tálgað verk eftir hann er bæði vandað og vel útfært.



Helgi Björnsson



Hvet ykkur til að kíkja á þessa skemmtilegu og fróðlegu handverks vefsíðu. - *Hjörtur Árnason*

Dagsskrá 2019

Næst á dagsskrá er Opið hús hjá Sigurjóni Gunnarssyni 19.1.2019

Sigurjón Gunnarsson heldur opið hús fyrir okkur 19. janúar 2019.

Aðalfundur félagsins verður svo haldin 16. febrúar í húsnæði Heimilisiðnaðarfélagsins, Nethyl 2E, kl. 10 – 12. Félagsmenn hvattir til að mæta.

Dagskrá– 2019

19.1.2019	Sigurjón Gunnarsson	Hólshrauni 5, Hafnarfirði. Kl. 10:00 -12:00
16.2.2019	Aðalfundur FÁT	Heimilisiðnaðarfélagið, Nethyl 2E, kl. 10:00 – 12:00
16.3.2019	Páll Kristjánsson	Palli hnífasmíður Álafossvegur 29 milli kl. 10-12
13 - 14.4 2019	Vorsýning FÁT	Heimilisiðnaðarfélaginu, Nethyl 2E, kl 13:00-17:00 báða daganna.

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
Netfang: treskurd@gmail.com Heimasíða: treskurdur.is
Ritstjórn er stjórn félagsins. Ábm. Víðir Árnason

Stjórn FÁT



Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð
Pósthólf 130
202 Kópavogur